



## Fundargerð

Tilv. 1704259/2.10.1

Fundur: Grisjunarráð 5/2017.  
Dagsetning og tími: 10. maí 2017, kl. 12.  
Boðaðir: Eiríkur G. Guðmundsson þjóðskjalavörður, Njörður Sigurðsson sviðsstjóri skjalasviðs og Svanhildur Bogadóttir borgarskjalavörður  
Mættir: Allir mættir  
Fundarritari: Njörður Sigurðsson, sviðsstjóri upplýsinga- og skjalasviðs

### Dagskrá:

- Samþykkt og undirritun fundargerðar grisjunarráðs frá 6. apríl 2017.
- Grisjunarbeiðni Íbúðalánasjóðs dags. 5. apríl 2017 – dagskjöl Byggingarsjóðs verkamanna (málsnr. 1704293).
- Grisjunarbeiðni Íbúðalánasjóðs dags. 25. apríl 2017 – dagskjöl húsbrefadeildar (málsnr. 1704336).
- Grisjunarbeiðni Íbúðalánasjóðs dags. 5. apríl 2017 – innlausn, landið (málsnr. 1704290).
- Grisjunarbeiðni Íbúðalánasjóðs dags. 5. apríl 2017 – vaxtahækkun (málsnr. 1704294).
- Grisjunarbeiðni Vinnumálastofnunar dags. 19. apríl 2017 – umsóknir um greiðslu atvinnuleysistrygginga (málsnr. 1704321).

Þjóðskjalavörður setti fund og gengið var til dagskrár.

### 1. Samþykkt og undirritun fundargerðar grisjunarráðs frá 6. apríl 2017.

Fundargerð grisjunarráðs frá 6. apríl 2017 samþykkt og undirrituð.

### 2. Grisjunarbeiðni Íbúðalánasjóðs dags. 5. apríl 2017 – dagskjöl Byggingarsjóðs verkamanna (málsnr. 1704293).

Beiðnin var samþykkt. Íbúðalánasjóði er heimilt að eyða umbeðnum dagskjölum Byggingarsjóðs verkamanna sem ná yfir tímabilið 1984–1999 sjö árum eftir að reikningsári lýkur með því skilyrði að varðveita sem sýnishorn öll dagskjöl frá apríl, ágúst og desember fyrir ár sem enda á 0 og 5. Forsenda ákvörðunarinnar er að líta ber á skjölin sem fylgiskjöl bókahalds sem innihalda upplýsingar sem eru notaðar við færslu bókhalds og hafa því tímabundið gildi. Sýnishornataka eins og með önnur bókhaldsgögn.



**3. Grisjunarbeiðni Íbúðalánasjóðs dags. 25. apríl 2017 – dagskjöl húsbréfadeildar (málsnr. 1704336).**

Beiðnin var samþykkt. Íbúðalánasjóði er heimilt að eyða umbeðnum dagskjöllum húsbréfadeildar sem ná yfir tímabilið 1992–1998 sjö árum eftir að reikningsári lýkur með því skilyrði að varðveita sem sýnishorn öll dagskjöl frá apríl, ágúst og desember fyrir ár sem enda á 0 og 5. Forsenda ákvörðunarinnar er að líta ber á skjölin sem fylgiskjöl bókahalds sem innihalda upplýsingar sem eru notaðar við færslu bókhalds og hafa því tímabundið gildi. Sýnishornataka eins og með önnur bókhaldsgögn.

**4. Grisjunarbeiðni Íbúðalánasjóðs dags. 5. apríl 2017 – innlausn, landið (málsnr. 1704290).**

Beiðninni var hafnað. Skjölin eru þess eðlis að þau eru heimildir um starfsemi stofnunarinnar og ber að varðveita í málafni hennar.

**5. Grisjunarbeiðni Íbúðalánasjóðs dags. 5. apríl 2017 – vaxtahækkun (málsnr. 1704294).**

Beiðninni var hafnað. Skjölin eru þess eðlis að þau eru heimildir um starfsemi stofnunarinnar og ber að varðveita í málafni hennar.

**6. Grisjunarbeiðni Vinnumálastofnunar dags. 19. apríl 2017 – umsóknir um greiðslu atvinnuleysistrygginga (málsnr. 1704321).**

Afgreiðslu málsins var frestað. Ákveðið að leita nánari upplýsinga um skjölin og samsetningu þeirra, m.a. með tilliti til sýnishornatöku.

Fundi slitið kl. 12:58

Eiríkur G. Guðmundsson (sign)

Njörður Sigurðsson (sign)

Svanhildur Bogadóttir (sign)